

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um íslenzkt dýramyndasafn. — 1
 Hjer með skal stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustu- 3. jan.
 samlega tjáð, að jeg af fje því, sem veitt er í 15. gr. fjárlaganna til vísindalegra og
 verklegra fyrirtækja hefi samkvæmt brjefi stiptsyfirvaldanna frá 2. nóvbr. f. á. veitt
 skólakennara Benedikt Gröndal 200 kr. styrk fyrir þetta ár til framhalds dýrasafni því og
 myndasafni af íslenzkum dýrum, sem hann um nokkur ár hefir starfað að, og sem á
 sínum tíma ber að taka inn í hið náttúruvísindalega safn hins lærða skóla. Af styrk
 þessum munu 60 kr. verða ávísaðar í þessum mánuði, en 140 kr. í júlímán. þ. á., og
 vænti jeg þess, samkvæmt brjefi mínu frá 20. janúar f. á., að skólakennara Benedikt
 Gröndal gefist kostur á að koma á prent í næstu skólaskýrslu ítarlegri skýrslu um
 safn þetta.

— Brjef landshöfðingja til sýslunefndarinnar í Dalasýslu um sýsluskóla. — 2
 Í brjefi frá 20. f. m. hefir sýslunefndin að fengnu samþykki amtsráðsins farið þess á 17. jan.
 leit, að fá úr viðlagasjóði landsins 1300 kr. lán til þess að kaupa fyrir þessa upphæð
 ¼ hluta jarðarinnar Ásgarðs undir fyrirhugaðan sýsluskóla.

Fyrir því vil jeg tjá nefndinni til þóknanlegrar leiðbeiningar, að lán þetta muni
 geta fengizt í gjalddaga 11. júní þ. á., ef sýslunefndin í heild sinni gefur út skuldabryef
 fyrir láninu og skuldbindur sig til að greiða 4% ársvexti af láninu, og að endurborga
 það með því í 28 ár að greiða landssjóði 6% árlega af hinni upprunalegu upphæð þess.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 3
 kosningu á hreppstjóra í hreppsnefnd. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, 20. jan.
 herra amtmaður, um fyrirspurn hreppstjórans í Bólstaðarhlíðarhreppi, hvort hreppstjóri
 geti skorazt undan kosningu í hreppsnefnd, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbein-
 ingar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg er yður samdóma um, að hreppstjóra
 beri ekki slík undanþága og virðist 5. grein tilskipunar um sveitastjórn 4. maí 1872 að
 innihalda ítarlegar reglur um slíka undanþágu, þannig að allir aðrir en þeir, sem geta
 skorazt undan kosningu samkvæmt þessari grein, sjeu skyldir að taka við kosningu. Að
 öðru leyti visast til 8. greinar tjeðrar tilskipunar, og getur samkvæmt henni sá, er
 skorast vill undan kosningu, áfrýjað úrskurði kjörstjórnarinnar þar um til hlutaðeigandi
 sýslunefndar.

Hinn 24. febr. 1881.